

## Skólaráðsfundur 8. desember 2022 kl. 15:30 – 17:01

Mætt eru Helga Fjóra, Anna Ísey, Örn Vikar, Borghildur, Yngvi, Ragna og Bæring

Ragna kosin fundarritari

1. Hlutverk skólaráðs. Yngvi fór yfir reglugerð um skólaráð. Skólaráð:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Einnig ræddi hann um skipan í skólaráðið. Hann benti einnig á handbók um skólaráð á vegum Reykjavíkurborgar. Þá var rætt um fundartíma á þessum vetri. Yngvi mun boða til þeirra funda með góðum fyrirvara. Einnig var rætt um þennan umræðuvettvang sem skólaráðið er. Fulltrúar nemenda voru hvattir til að miðla á þessum fundum hugmyndum sínum um skólastarfið. Rætt var um breytingar á skólastarfinu þetta árið og m.a. nýtilkomnar símareglur sem nemendur og starfsfólk virðist almennt ánægt með.

2. Fjárhagsáætlun. Yngvi fór yfir fjárhagsáætlun næsta vetrar. Á áætluninni má sjá verulega hækkun. Yngvi talar um nauðsynlega fjölgun starfsmanna enda er fjölgun í nemendahópnum sem skýrir helstu hækkunina. Í öðrum liðum er ekki veruleg hækkun umfram vísitöluhækkunum.

3. Skólastarfið. Í ár var tekið upp þriggja anna kerfi í því felst m.a. að ekki eru jólapróf. Á elsta stigi var aukið við valáfanga á elsta stigi þá var einnig verulega aukið við í list- og verkgreinum á 1.-6. bekk. Reynt hefur verið að efla tónmenntakennslu í skólanum og er það von að í framtíðinni verði rík tónlistarmenning í skólanum. Á næsta ári er hugmyndin að auka umsjónakennsluhópum þar sem fjölgun verður í skólanum. Vandinn sem blasir þá við er m.a. að íþróttahúsið er orðið þétt setið en Yngvi nefnir nokkrar hugmyndir að lausnum þar. Þá hefur einnig borist frá Odda hvort hægt sé að samræma betur skólatíma og íþróttæfingar milli skólanna tveggja. Það sé þó nokkuð flókið í framkvæmdum og því fylgja að sama skapi einhverjar áskoranir. Umræður urðu m.a. um að yngsta stigið sæki æfingar á dagsskólatíma, auka akstur á milli skóla til að samnýta æfingar, mönnunarvandi hefur á stundum verið tengdur íþróttæfingum en á þar á voru ræddar ýmsar lausnir sem m.a. snúa að umræðum við þjálfara.

4. Skólapúlsinn. Yngvi kynnti niðurstöður skólapúlsins. Marktækur neikvæður munur er á þáttum tengdum áhuga á stærðfræðinámi, og trú á egin getu á milli skólans og landsins alls og tíðni eineltis. Marktækur neikvæður munur var á upplifun nemenda af einelti í skólanum. 12 af 43 töldu sig hafa orðið fyrir einelti á síðustu 30 dögum. Umræður sköpuðust um hvað er hvað í þessum málum.

Mikilvægt er að skólinn grípi þarna inn í. Hvort sem raunin er að um sé að ræða alvarleg eineltismál eða hvort í einhverjum tilvikum séu nemendur ekki að átta sig á því hvað einelti er. Þá er einnig marktækur jákvæður munur á spurningunni hvort nemendur telji sig eiga gott samband við sinn kennara þ.e. fleiri nemendur Laugalandsskóla telja sig eiga í góðu sambandi við sinn kennara umfram það sem mælist yfir landið allt. Yngvi fór áfram yfir niðurstöður Skólapúlsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið

Fundargerð ritaði

Ragna